

**HITAVEITA
SUÐURNESJA**

BREKKUSTÍG 36
PÓSTHÓLF 225
260 NJARÐVÍK
SÍMI 422 5200
TELEFAX: 421 4727

Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 122/1630
komudagur 31. 3. '98

19. mars 1998

NJARÐVÍK,

Varðar: Umsögn Hitaveitu Suðurnesja um:

**“Frumvarp til laga
um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu.
(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997-98.)**

Hitaveita Suðurnesja mun í þessari umsögn sinni fyrst og fremst fjalla um þá hlið þess sem lítur að jarðhita og vinnslu hans. Um frumvarpið sjálft er það helst að segja, að með því eykst miðstýring stórlega og valdi Orkustofnunar fyrir hönd ríkisvaldsins yfir þessum málum verða lítil takmörk sett. Það getur verið mikil hætta á því, að með þessum ströngu reglum, til viðbótar við strangar reglur um mat á umhverfisáhrifum og margskonar nauðsynleg leyfi til allra framkvæmda, þá verði áform um nýtingu jarðhita þegar á undirbúningsstigi gerð svo óaðgengileg að slík áform verði í miklum mæli lögð á hilluna. Því verður vart trúað að það sé markmið löggjafans að leggja svo marga steina í götu þeirra sem að nýtingu þessarar auðlindar hyggja að ekkert verði úr framkvæmdum.

Einstakar greinar frumvarpsins:

4. gr. Sú viðtæka heimild sem gefin er til útgáfu rannsóknarleyfa samkvæmt frumvarpinu orkar a.m.k. tvímælis og taka þarf skýrar fram í frumvarpinu hver réttur þeirra er sem hafið hafa vinnslu á ákveðnu svæði. Ákvæði um að senda Orkustofnun þær ítarlegu upplýsingar sem fram koma í greininni eru óþörf og auk þess með öllu ástæðulaust að Orkustofnun setji t.d. skilyrði vegna öryggis, þar sem um það eiga að sjá aðrar greinar “eftirlitsiðnaðarins”.

6. gr. Ákvæði um að öll nýting auðlinda sé háð leyfi iðnaðarráðherra og að landeigandi hafi ekki forgang að nýtingarleyfi nema áður hafi verið fengið rannsóknarleyfi hljóta að teljast vafasöm. Gildir slíkt ákvæði t.d. um hitaveitur sem keypt hafa land með jarðhita?

7. gr. Það er staðreynd, að hitaveitur í landinu þurfa, ef vel er að málum staðið, að huga að sinni orkuöflun áratugi fram í timann en ekki nokkur ár. Því hafa þær leitast við að tryggja sér jarðhitasvæði (sbr. Nesjavelli) með langtímahagsmuni í huga. Ákvæði um að aðilar geti misst nýtingarleyfi hefjist nýting ekki innan þriggja ára getur því unnið gegn eðlilegum rekstri fyrirtækja, sem hyggjast nýta jarðhita.

10. gr. Ákvæðið um 5 MW er alls óviðunandi t.d. ef landeigandi er jafnframt hitaveita (eða raforkuframleiðandi) í rekstri. Sama á við tilkynningar o.s.fr. til Orkustofnunar.

12. g. Eins og málum er nú háttað er ríkisvaldið, með iðnaðarráðherra sem fulltrúa sinn, einn stærsti einstaki aðilinn í nýtingu jarðhita. Það er torséð af hverju ráðherra á að þurfa að leyfa það að jarðhitaréttindi fylgi ekki landi. Ríkisvaldið er þátttakandi í t.d. Landsvirkjun (50%), Jarðgufufélaginu (33%) og Hitaveitu Suðurnesja (20%), og öll gætu þau verið að falast eftir sömu réttindum en á mismunandi forsendum. Samræmist það þá stjórnsluákvæðum að ráðherra skeri úr og hvaða hagsmunir yrðu ráðandi, þegar ríkisvaldið hefur ýmsa aðra mismunandi hagsmuni að verja.

14. gr. Ákvæðið um allt að 100 l/sek. er alls óviðunandi t.d. ef landeigandi er jafnframt hitaveita (eða raforkuframleiðandi) í rekstri. Sama á við tilkynningar o.s.fr. til Orkustofnunar.

16. gr. Nákvæm tilgreining tilgangs o.s.fr. er óviðeigandi og þarflaus og gæti auk þess verið viðskiptaleyndarmál. Í upphafi getur tilgangurinn einnig einfaldlega verið sá að athuga hvort um auðlind er í raun að ræða og hvers eðlis hún þá er, því það getur ráðið því um hverskonar nýtingu verður að ræða.

17. gr. Ákvæði um að nýting auðlindanna skuli vera hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði lítur vel út á pappírnum en reynsla Hitaveitu Suðurnesja er sú að slík ákvæði séu þegar upp er staðið einungis nýtt til að tryggja sértæka hagsmuni og því slæmt enda óskilgreinanlegt og auðvelt að misnota. Sem dæmi má nefna, að fyrir einhvert náttúruögmál virðist þjóðhagsleg hagkvæmni og hagsmunir Landsvirkjunar yfirleitt renna saman í eitt þegar rætt er um raforkuvirkjanir !

18. gr.

5. Engin skynsamleg rök eru fyrir því að Orkustofnun samþykki frumdrætti að fyrirhuguðum mannvirkjum, til þess eru aðrir aðilar í kerfinu hæfari og hafa það einnig í sínum verkahring.
9. Setja þarf skýr ákvæði um rétt til að ákveða eftirlit og kostnað við það. Það er ekki viðunandi að t.d. (nánast) sami aðili ákveði hvaða eftirlit er nauðsynlegt og annist það jafnframt. Í dag eru stjórnsludeild Orkustofnunar og aðrar deildir undir sömu yfirstjórn og nátengdar, þannig að væntanlega yrðu hagsmunatengsl milli ráðgjafa-, rannsóknar- og eftirlitsaðila mikil.
10. Setja þarf skýr ákvæði um rétt til að ákveða kostnað við leyfisgjöld þannig að ekki verði um sjálfdegni að ræða.


21. – 23. gr. Miðstýringarhlutverk Orkustofnunar samkvæmt þessum greinum, og reyndar mörgum fleiri, er ógnvænlegt og hlýtur að torvelda alla nýtingu jarðhita ef af verður.

25. gr. Ákvæði um að aðilar skulu haga vinnslu sinni með þeim hætti að nýting verði sem best þegar til lengri tíma er litið er varhugavert. Ástæðan er sú, að bakvið slíkan útreikning liggja sjaldan mikil vísindi en oftar persónulegar skoðanir einstakra manna. Hitaveita Suðurnesja þekkir það af eigin raun, að einstökum vísindamönnum "finnst" að jarðhita eigi að nýta til húshitunar en ekki "sóa" í raforkuframleiðslu, meðan aðrir vísindamenn eru öndverðrar skoðunar. Svona stórar ákvarðanir mega ekki ákvarðast af "af því bara vísindum".

Að lokum þetta. Hitaveita Suðurnesja fagnar því að fram er komið frumvarp um þessi mál sem löngu var orðin þörf á. Þrátt fyrir að hér að ofan hafi einungis verið gerðar athugasemdir við frumvarpið þá merkir það ekki að fyrirtækið sé því með öllu mótfallið, því samkvæmt því verða mörg atriði skýrari og einfaldari en nú er. Gallinn er hinsvegar sá, að um leið eykur það miðstýringuna stórlega þannig að við lestur þess kemur ítrekað upp í hugann orð eins og stjórnlyndi, forsjárhyggja og jafnvel gerræði sem er sannarlega ekki jákvætt. Það er von fyrirtækisins að Alþingi takist að sníða af frumvarpinu helstu gallana og að fljótlega liggja fyrir ný og nauðsynleg lög “um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu”.

Virðingarfyllst,

F.h. Hitaveitu Suðurnesja



Júlíus Jónsson
forstjóri